

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

703. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 27. júní 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við leikskólastjóra.
2. Skipulag fræðslu-og félagsmála í Húnaþingi vestra.
3. Fundargerð 116. fundar félagsmálaráðs.
4. Fundargerð 122. fundar fræðsluráðs.
5. Bréf Selaseturs Íslands ehf.

Afgreiðslur:

1. Leikskólastjóri er mættur á fundinn til viðræðna við byggðarráð, þar sem hún óskar eftir 50% stöðugildi stuðningsfulltrúa við leikskólann frá 1. september n.k.. Byggðarráð samþykkir erindið og vísar kostnaði vegna þess til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.
2. Skipulag fræðslu-og félagsmála í Húnaþingi vestra. Skólastjóri grunnskóla og leikskólastjóri eru mætt til fundar við byggðarráð til að kynna drög að skipulagi fræðslu-og félagsþjónustu í Húnaþingi vestra. Byggðarráð samþykkir að fenginni umsögn félagsmálaráðs og fræðsluráðs tillöguna.. Sveitarstjóra, skólastjóra, leikskólastjóra og félagsmálastjóra falið að vinna að því að koma skipulaginu í framkvæmd.
3. Lögð fram fundargerð 116. fundar félagsmálaráðs frá 22. júní s.l. Fundargerð í einum lið. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
4. Lögð fram fundargerð 122. fundar fræðsluráðs. Fundargerð í 2 liðum. 2. lið vísað til afgreiðslu 6. liðar. Fundargerðin í heild sinni samþykkt samhljóða.
5. Lagt fram bréf Selaseturs Íslands dags. 31.05.2011. Uppsögn á leigusamningi íbúðar að Garðavegi 18, Hvammstanga. Samþykkt að taka á dagskrá.
6. Skólastjóri grunnskólans kynnti fyrir byggðarráði niðurstöðu könnunar vegna seinkunar á heimakstri til viðbótar við miðvikudaga. Byggðarráð samþykkir að seinka heimakstri einn dag í viku til viðbótar..

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:43

Stefán E. Böðvarsson

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri